



Alþingi  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2018

*Tilvísun:* 1702022/0.7.6


**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum.

Landhelgisgæsla Íslands fagnar því að Samgöngustofu séu fengnar heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot á lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003. Það er nauðsynlegt að úrræði stofnananna séu virk og geti stuðlað að því að auka öryggi sjófarenda enda er það markmið laganna. Landhelgisgæslan vill jafnframt koma því á framfæri að sambærilegar sektarheimildir og um ræðir í frumvarpinu ættu að vera til staðar hvað önnur tiltekin brot varðar.

Að mati Landhelgisgæslunnar væri rétt að Samgöngustofu yrði einnig veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot gegn tilkynningarskyldu skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningarskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi, sem sett er á grundvelli 13. gr. laga um vaktstöð siglinga. Að mati stofnunarinnar ætti slík sektarheimild einnig að vera fyrir hendi fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 80/2013, sem snýr að tilkynningarskyldu skipa á leið til hafnar. Framangreindar reglur eru ítrekað brotnar af sjófarendum og því er það mat Landhelgisgæslunnar að tilefni sé til að veita Samgöngustofu heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot gegn þeim.

Að öðru leyti gerir Landhelgisgæslan ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Helgi Brynjarsson  
Lögfræðingur